

Símareglur GRV

Í GRV þurfum við öll að gæta öryggis í notkun snjalltækja, tryggja vinnufrið nemenda og starfsmanna og sýna hvert öðru tillitssemi

Hvernig virka reglurnar ?	Hvað ef.. ?
<ul style="list-style-type: none">• Öll notkun farsíma er <u>óheimil</u> í kennslustundum. Síminn skal geymdur í skólatösku, ekki í fatnaði/vösum eða á borði.• Þegar gengið er inn í kennslustofu þarf að taka heyrnartól úr eyrum og setja símann ofan í tösku.• Sími skal stilltur á flugstillingu, svo hann hvorki hringi né sendi merki (hljóð eða titring).• Kennari getur heimilað notkun síma í kennslustund í námslegum tilgangi. Ef kennari leyfir hlustun á tónlist meðan unnið er má einungis hlusta á lagalista, (ekki vera að skipta um lög/lagalista).• Símanotkun nemenda er <u>óheimil</u> í búningaklefum og íþróttasölum.• Mynd- og hljóðupptökur eru ALLTAF óheimilar nema með sérstöku samþykki kennara eða stjórnenda.• Einungis 8. -10. bekkur má nota síma í skólanum.• Litið er svo á að símar/snjallúr yngstu nemenda skólans séu fyrst og fremst öryggistæki sem notist eftir skóla.	<ul style="list-style-type: none">• Ef nemandi fer eftir þessum reglum mun hann njóta þess að hafa símann sinn í skólanum• Ef nemandi fer <u>ekki</u> eftir þessum reglum getur hann valið um að:<ol style="list-style-type: none">a) Afhenda símann, sem verður geymdur á skrifstofu skólans til loka skóladags nemandab) Fara til stjórnenda og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins. <p>Við síendurtekin brot hafa stjórnendur samband heim og nemandi skilur tækið sitt eftir heima í einn eða fleiri daga.</p> <p><u>Öll snjalltæki sem nemandi hefur meðferðis í GRV eru á ábyrgð nemenda</u></p> <p>Nemendur skulu fara eftir umgengnisreglum snjalltækja í eigu skólans.</p>
	<p>Þessar reglur gilda um öll snjalltæki, ekki einungis síma.</p>